

Alþingi 17.8.2016



Atvinnuveganefnd Alþingis

Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Selfossi 16. ágú. 16

Málsnr.: 1604029  
Málalykill: 034.4

Auðhumla er samvinnufélag í eigu um 600 mjólkurframleiðenda um land allt, að Skagafirði undanskyldum. Auðhumla hefur það hlutverk að taka við mjólk frá félagsmönnum sínum og umbreyta í mjólkurafurðir sem eru seldar á markaði á Íslandi og erlendis. Auðhumla er móðurfélag Mjólkursamsölnunnar ehf. með rúmlega 90% eignarhlut á móti Kaupfélagi Skagfirðinga svf. sem er eigandi tæplega 10% hlutar.

Auðhumla svf. hér eftir nefnt AH kaupir alla hrámmjólk af mjólkurframleiðendum á sínu félagssvæði og annast uppgjör við þá, enda hafa þeir sín félagslegu réttindi í samvinnufélaginu. AH selur síðan hrámmjólkina til MS sem vinnur úr mjólkinni og annast sölu- og markaðsstarf.

Samkomulag er um það í hagræðingarskyni að MS annast alla söfnun mjólkur með sínum flutningatækjum og greiða framleiðendur ákveðna fjárhæð á lítra sem AH innheimtir og skilar til MS.

Auk þess að vera móðurfélag MS, sem er stærsta eign félagsins, er AH eigandi nær allra fasteigna sem MS nýtir undir starfsemi sína. Þá gegnir AH sem samvinnufélag, félagslegu hlutverki og eru fundir haldnir með eigendum/bændum, þar sem málefni félagsins eru rædd og skapar þeim þannig sameiginlegan vettvang á starfssvæðinu.

## Samstæðuskipulag



Það er stefna AH og MS að sækja mjólk hvert á land sem er fyrir sama verð, óháð fjarlægð frá vinnslustöð. Þá er mjólkurframleiðsla ekki jöfn yfir allt árið sem kallar á birgðasöfnun og birgðastýringu með tilheyrandi fjárbindingu og kostnaði. Hér gegnir MS lykilhlutverki varðandi útflutning á mjólk og mjólkurafurðum jafn innan sem umfram greiðslumark, sem er forsenda þess að kerfið gangi upp gagnvart bændum. Það er því allur akkur í að MS annist þessa þætti. Þannig er fjármunum best varið og birgðastýringu haldið í takt við markaðinn á hverjum tíma.

Virðingarfyllt,

Garðar Eiríksson, framkvæmdastjóri